

Samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytið
Sölvhólsgrata 7
101 Reykjavík

Reykjavík 18. júní 2020

Efni: Drög að reglugerð um öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða

Orkusalan ehf., kt. 560306-1130, („**Orkusalan**“) Dvergshöfða 2, 110 Reykjavík, hefur tekið til umsagnar drög að reglugerð um öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða sem birt var í samráðsgátt stjórnarráðsins þann 29. maí 2020. Reglugerðin felur í sér nánari útfærslu á 3., 7., 8. og 13. gr. laga nr. 78/2019, um öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða, sem öðlast gildi 1. september næstkomandi. Lögin innleiddu í landsrétt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1148/2016/ESB um net- og upplýsingaöryggi (NIS-tilskipunina).

Í e-lið 8. gr. reglugerðardraganna eru aðilar sem eiga viðskipti með raforku og hafa fengið raforkusöluleyfi í samræmi við 18. gr. raforkulaga nr. 65/2003 og fjöldi notenda fer yfir 1000 skilgreindir sem rekstraraðilar nauðsynlegar þjónustu sem þurfa því að uppfylla þær lágmarkskröfur sem lögin og reglugerðardrögin mæla fyrir um. Með erindi Orkustofnunar dags. 15. júní sl. kemur fram að Orkustofnun telji Orkusöluna falla undir framangreinda skilgreiningu.

Samkvæmt lögum um öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða nr. 78/2019 sem reglugerðardrögin byggja á gilda lögin um net- og upplýsingakerfi rekstraraðila nauðsynlegrar þjónustu hér á landi á sviði bankastarfsemi og innviða fjármálamarkaða, flutninga, heilbrigðisþjónustu, orku-, hita- og vatnsveitna, svo og stafrænna grunnvirkja, að uppfylltum skilyrðum 3. gr. Ákvæði 1. mgr. 3. gr. laganna hljóðar svo:

3. gr. Rekstraraðilar nauðsynlegrar þjónustu.

Þjónusta rekstraraðila skv. 1. mgr. 2. gr. telst nauðsynleg í skilningi laga þessara að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

- a. Þjónusta er nauðsynleg fyrir viðhald mikilvægrar samfélagslegrar og efnahagslegrar starfsemi,
- b. veiting þjónustu er háð net- og upplýsingakerfum og
- c. atvik hefðu verulega skerðandi áhrif á veitingu þjónustu.

Er ráðherra falið að mæla fyrir um þá þjónustu sem telst nauðsynleg fyrir viðhald mikilvægrar samfélagslegrar og efnahagslegrar starfsemi í skilningi a-liðar 1. mgr. í reglugerð.

Orkusalan ehf. er sölufyrirtæki raforku. Gerir Orkusalan því athugasemd við að undir þjónustu sem skilgreind er sem mikilvæg, samfélagsleg og efnahagsleg starfsemi á sviði orku- og hitaveitna skuli falla fyrirtæki eins og Orkusalan sem eigi viðskipti með raforku og hafa fengið raforkusöluleyfi í samræmi við 18. gr. raforkulaga nr. 65/2003 með fleiri en 1000 notendur. Aðstæður eða atburðir sem kunna að hafa skaðleg áhrif í för með sér fyrir net- og upplýsingakerfi sölufyrirtækja myndu ekki koma í veg fyrir að rafmagn bærisk notendum. Er starfsemi sölufyrirtækja því ekki nauðsynleg fyrir viðhald mikilvægrar samfélagslegrar og efnahagslegrar starfsemi í skilningi laga nr. 78/2019. Þá telur Orkusalan rétt að gera athugasemdir við 1000 notenda viðmið reglugerðarinnar. Réttara væri að miða við selt magn komi yfir höfuð til greina að fella sölufyrirtæki undir lögin og reglugerðina.

Ljóst er að samþykkt reglugerðarinnar mun fela í sér mikinn kostnað fyrir þá aðila sem undir hana falla en í tilviki sölufyrirtækja mun sá kostnaður óhjákvæmilega lenda á viðskiptavinum þeirra. Því er mikilvægt að ákvæði reglugerðarinnar gildi aðeins um þjónustu sem raunverulega telst mikilvæg fyrir samfélagslega og efnahagslega starfsemi. Leggur Orkusalan því til að e-liður reglugerðarinnar verði felldur á brott.

Með erindi Orkustofnunar dags. 15. júní sl. var athygli Orkusölnunnar vakin á því að skv. 8. gr. reglugerðarinnar falla söluaðilar raforku undir þjónustu sem skilgreind er nauðsynleg fyrir viðhald mikilvægra samfélagslegra og efnahagslegrar starfsemi. Ekkert í lögum nr. 78/2019 benti hins vegar til þess að sölufyrirtæki kynnu að falla þar undir. Kom erindi Orkustofnunar því verulega á óvart. Í ljósi þess knappa tíma sem Orkusalan hafði til þess að gera athugasemdir við drögin er þess óskað að frekara samráð verði haft við Orkusölnuna við úrvinnslu athugasemda og ábendinga.

Virðingarfyllt

f.h. Orkusölnunnar ehf.



Magnús Kristjánsson, framkvæmdastjóri